

ÆFING: SPURNINGALISTI

Svörin við spurningunum eru hugsuð sem kynning að umræðum og viðbrögðum, nokkur svör eru háð því samhengi sem spurningarnar eru settar í hverju sinni.

1. Hvað er annað mál?

	1	X	2
1 Það er það sama og móðurmál			
X Það er málið sem talað er í umhverfinu og maður lærir eftir að hafa lært móðurmál sitt/sín		X	
2 Það er það sama og erlent tungumál			

2. Hvernig lærir barn að þekkja umhverfi sitt?

1 Þegar lesið er upphátt fyrir barnið			
X Með auknum þroska og skilningi, upplifun og reynslu í gegnum samskipti		X	
2 Það er verkefni foreldra			

3. Hvernig styður leikskólinn á sem bestan hátt við íslenskunám barnsins?

1 Í gegnum leik, athafnir og samskipti við önnur börn þar sem unnið er markvisst með íslensku sem annað mál	1		
X Með því að pressa barnið til þess að nota íslensku í tilsvörum			
2 Með því að banna barninu að tala móðurmál sitt við önnur börn			

4. Hvað er meirihlutamál

1 Tungumálið sem barnið talar verst			
X Tungumálið sem barnið er best í			
2 Tungumálið sem er notað í því samhengi og umhverfi sem barnið lærir í (leikskólanum – íslensku samfélagi)			2

5. Hvernig styður þú við mál barnsins þegar það segir t.d. „Ég syngjaði í Leikskóli er gaman“?

1 Segir barninu að þetta sé ekki rétt og segir „getur þú prófað að segja þetta rétt“			
X Segir ekki neitt			
2 Segir við barnið: „já, einmitt, þú syngur Í leikskóla er gaman“.			2

6. Er málörvun hluti af námskrá eða starfsáætlun?

1 Hægt er að hugsa málörvun sem hluta af öllum verkefnum í leikskólanum	1		
X Það er eingöngu hægt að vinna með málörvun í sérstökum málörvunartímum			
2 Málörvun er ekki hluti af almennri námskrá eða starfsáætlun leikskólans			

7. Hvernig er best að styðja við máltöku íslensku sem annars máls þegar barnið er ekki farið að nota mikla íslensku í samskiptum?

1 Ef barnið talar lítið þá þarf ekki að eiga í miklum samskiptum við það			
X Ef barnið tjáir sig með látbragði þá notum við líka látbragð og tölum lítið			
2 Ef barnið talar lítið eða tjáir sig með látbragði þá tölum við mikið og oft við barnið og reynum að skapa sameiginlegan skilning			2

8. Ef barnið tjáir sig lítið eða ekki í leikskólanum er nauðsynlegt að:

1 veita því einstaklingsstuðnings/sérkennslu			
X Gefa því sérstakan gaum og stuðning í öllum þáttum dagskipulagsins frá fyrsta degi		X	
1 bíða og sjá til			

9. Hvernig lærir barnið flest orð og hugtök?

1 Með því að taka þátt í tilgangsríkum samskiptum um merkingu	1		
X Með því að æfa sama orðið aftur og aftur			
2 Með því að við leiðréttum það stöðugt			

10. Þegar tvítyngd/fleirtyngd börn eiga í samskiptum nota þau merkingarvíxl (code-switching/skipting á milli tungumála) Hvað þýðir það?

1 Börnin skipta á milli tveggja tungumála í sömu setningunni	1		
X Börn tala þannig að enginn skilur þau			
2 Samhengislaust samtal á milli aðila			

11. Hvenær er barn tvítungt?

1 Það er þegar barnið er jafn gott í báðum/öllum tungumálunum sem það talar			
X Þegar barn hefur náð einhverjum tókum á tveimur eða fleiri tungumálum		x	
2 Þegar barn er búið að læra að tala íslensku			

12. Hvað er tvílæsi (biliteracy)?

1 Að geta lesið og skrifað á tveimur eða fleiri tungumálum	1		
X Að geta lesið texta með mörgum atviksorðum			
2 Sérstök tegund af enskum ritmáls- og leshætti			

13. Eru einhverjir ókostir við að læra mörg tungumál í einu?

1 Nei það er alltaf gott			
X Nei en máltaka tveggja eða fleiri tungumála getur tekið lengri tíma heldur en máltaka eins máls		x	
2 Já það getur verið skaðlegt fyrir börn			

14. Skiptir móðurmál barna máli í málþroska þeirra?

1 Nei það skiptir ekki máli talar			
X Já það skiptir miklu máli og leikskólinn og foreldrar geta unnið saman að því að efla móðurmál barna		x	
2 Það skiptir einhverju máli en það er alfarið á ábyrgð foreldra að vinna með það			